

FJALLSKILAREGLUGERÐ

fyrir Vestur-Barðastrandarsýslu.

I. KAFLI

Um stjórn fjallskila.

1. gr.

Yfirstjórn allra fjallskila hefur sýslunefnd á hendi samkvæmt sveitarstjórnarlögum, en hreppsnefnd alla umsjón á framkvæmd þeirra, hver á sínu fjallskilasvæði.

2. gr.

Hver hreppur sýslunnar skal vera sérstakt fjallskilasvæði.

Í Patreksfjallskilasvæði skal vera þriggja manna nefnd kosin af hreppsnefnd Patrekshrepps, er hefur stjórn fjallskilamálanna á hendi.

Heimilt skal hreppsnefndum sveitahreppanna að kjósa þriggja manna fjallskilanevnd, hver í sínum hreppi, ef óskir koma fram um það frá meiri hluta almenns hreppsfundar, sem boðað hefur verið til á löglegan hátt.

3. gr.

Hreppsnefndir (fjallskilanevndir) geta gert nánari ákvarðanir um fjallskil í einstökum atriðum, hver á sínu fjallskilasvæði. Þó má eigi þar með raska reglugerð þessari, og skulu nefndirnar gæta þess, að farið sé eftir ákvæðum hennar.

II. KAFLI

Um fjármörk og markaskrár.

4. gr.

Sérhver fjáreigandi skal skyldur til að hafa glögg eyrnamark á fé sínu. Aðfengið fé skal því aðeins marka upp að engin aukaben verði eftir. Svo er það og skylda hvers fjáreiganda, að hafa hrepps Brennimark á vinstra horni hyrnds fjár. Kollótt fé skal auðkenna með aluminplötu í vinstra eyra, er beri sömu stafi og hrepps Brennimarkið. Aluminplötur þessar, svo og hrepps Brennimörk, skulu hreppsnefndir eða búnaðarfélög hreppanna útvega.

Hrepps Brennimörk skulu vera þessi:

Barðastrandarhreppur	V B 1
Rauðasandshreppur	V B 2
Patrekshreppur	V B 3
Tálknafjarðarhreppur	V B 4
Ketildalahreppur	V B 5
Suðurfjarðahreppur	V B 6

5. gr.

Fé skal draga eftir mörkum. Markið helgar markeiganda kind, nema sönnun komi fyrir að annar eigi. Kind, sem ekki ber rétt mark manns, er honum óheimilt að draga sér, þótt lítið vanti á fullt mark. Ef kind er með Brennimarki eða Hornamarki annars en þess, sem eyrnamarkið á, skal sá talinn eigandi, sem á Brennimarkið eða Hornamarkið, og skal hann þá, ef eigandi eyrnamarks krefst, gera grein fyrir, hvornig hann er að henni kominn, Kind, sem hefur eyrnamark eins, Brennimark annars og Hornamark hins þriðja, skal talin eign þess er Brennimarkið á.

Þó skal hann, ef krafizt er, gera grein fyrir, hvornig hann hefur eignazt kindina. **126**
Óheimilt er að nota mark annars nema með leyfi markeiganda.

12. sept.

Nú er kind, önnur en lömb, ómörkuð eða afeyrð, eða á henni er óglöggt mark eða vafasamt, en maður vill eigna sér hana af líkum, og getur hann borið málið upp við hreppstjóra. Skal þá hreppstjóri ásamt tveim óvilhöllum mönnum, er hann til kveður, meta ástæður þær, er hlutaðeigandi hefur til stuðnings máli sínu. Ef þeim öllum kemur saman um, að miklar líkur séu til að hann eigi kindina, má hann hirða hana sem sína eign, ella telst hún óskilafé. Sé hann óánægður með úrskurðinu, er honum frjálst að leita réttar síns með málssókn.

6. gr.

Mikil særingarmörk má ekki upp taka né heldur þau mörk, sem vandhæfi er á að marka svo, að eigi valdi villu eða vafa. Enginn má nota afeyrt sem mark, andfjædrað, blaðrifað, bragð, geirstúfrifað, geirsýlt, hvathamrað, hvatsýlt, helmingsrifað, netnál, sýlt í blaðstýft, sýlt í hálf af, sýlt í stúf, tvístigað, þrírifað, þrístúfrifað. Eigi má hafa fleiri en eitt undirben á sama jaðri á eyra, ef yfirmark er á eyranu.

7. gr.

Mörk ganga að erfðum. Skipta skal marki sem öðrum arfi, ef fleiri standa til. Gefa má mörk svo og selja.

Það er skylda markeiganda að tilkynna mörk sín til prentunar í markaskrá sýslunnar.

Mark, sem hvorki er notað né prentað í gildandi markaskrá sýslunnar, skal talið niðurfallið og skal þá öðrum heimilt upp að taka.

8. gr.

Sýslunefnd skal láta prenta markaskrá fyrir alla sýsluna 10. hvert ár og skal þar með fylgja fjallskilareglugerð sýslunnar, þegar sýslunefnd telur prentunar þörf. Skal hver markeigandi koma marki sínu í hana, og borga fyrir það eins og sýslunefnd ákveður, en hvert heimili fær ókeypis eitt eintak af markaskránni, er fylgja skal jörðinni við ábúendaskipti. Einnig skal sýslunefnd sjá um, að nægilega mörg eintök af markaskránni verði send ókeypis til allra hreppa utan sýslunnar, er fjársamgöngur geta komið fyrir í.

Áður en mörkum er safnað til prentunar, skal sýslunefnd ákveða gjald fyrir mörkin, til lúkningar kostnaði við söfnun þeirra, skráningu og prentun, svo og upptöku marka. Ef gjaldið nemur meiru en kostnaði, rennur afgangurinn í sýslusjóð, en hrökkvi eigi gjaldið, greiðist það sem á vantar úr sýslusjóði.

9. gr.

Sýslunefnd kýs mann til að búa markaskrána undir prentun og hafa umsjón með upptöku marka. Kosning hans gildir í 10 ár í senn. Kaup hans, að meðtöldum öllum kostnaði við starf hans, er 10% af markagjaldi sýslunnar, nema öðruvísi sé um samið.

Rélt er að markaumsjónarmaður geri sér far um að koma samræmi og festu á nöfn marka. Í markaskrá skal raða mörkum eftir stafrófsröð, en þó framan fyrir en aftan. Mörk eru flokkuð eftir formerki á hægri eyra. Í markauglýsingu er fyrst greint yfir- og undirmark á hægri eyra og svo því vinstra.

10. gr.

Hreppsnefndir skulu, hver í sínum hreppi, annast söfnun marka og innheimtu gjalda fyrir þau. Í ómakslaun ber henni 10% af markagjaldi hreppsins. Fela má

126 hreppsnefndin starf þetta öðrum. Kosningu hans skal oddviti tilkynna markaskrá umsjónarmanni fyrir septemberlok það ár, sem mörkum er safnað.

Markasöfnun fer fram í októbermánuði árið áður en markaskrá ber að prenta. Skal henni haga svo, að hvert mark sé ritað á sérstakan seðil, með fullu nafni og heimili markeiganda. Öll afbrigði frá öðrum mörkum, hversu litlu sem munar, teljast sérstök mörk, og má ekki taka þau til greina, nema fullt gjald komi fyrir. Markaseðlar skulu tilbúnir fyrir októbermánaðarlok, og skal þá hver húsráðandi afhenda safnanda alla seðla frá sínu heimili, ásamt gjaldi fyrir mörkin. Jafnskjótt og safnandi hefur veitt seðlum móttöku, skal hann vandlega athuga mörkin, með samiburði við gildandi markaskrá, og hlutast til um leiðréttingu á þeim, sem misrituð kunna að vera, og breytingu á þeim, sem koma í bága við ákvæði reglugerðar um upptöku marka. Síðan skal hann merkja seðlana með framhaldandi tölulíðum í rétttri röð, og senda þau markausjónarmanni fyrir nóvembermánaðarlok. Skal þar fylgja með markagjöld hreppsins, að frádregnum ómakslaunum safnanda. Þá er umsjónarmaður hefur prófað, að gjaldið sé rétt talið, afgreiðir hann það til oddvita sýslunefndar.

Jafnframt markaseðlum skal safnandi hvers hrepps senda markausjónarmanni nákvæma skýrslu um öll nýupptekin mörk í hreppnum og sómuleiðis þau mörk, þótt gömul séu, sem eigi hafa staðið í síðustu markaskrá. Hafi markið verið notað áður, skal þess getið í skýrslunni, hvern rétt hlutaðeigandi hafi til marksins, og hvenær það var síðast prentað. Með nýuppteknum mörkum teljast afbrigði frá eldri mörkum, þótt litlu muni.

Eftir að markaskrá er prentuð, skal safnandi vandlega athuga hana, að því er snertir öll mörk í hreppnum. Finni hann villur, er valdið geta misdrætti, skal hann í samráði við markeigendur semja leiðréttingar og senda þær markausjónarmanni fyrir árslok. Leiðréttingar skulu prentaðar á kostnað sýslusjóðs.

11. gr.

Þá er umsjónarmanni hafa borizt markaseðlar og skýrslur um nýupptekin mörk úr öllum hreppum sýslunnar, skal hann bera hverja skýrslu saman við markaseðla úr hreppnum, síðan allar skýrslurnar saman sín á milli, og loks hverja skýrslu saman við gildandi markaskrá innan sýslu og utan, þar sem fjársamgöngur geta átt sér stað. Skal hann fella niður þau nýupptekin mörk, er teljast of lík eldri mörkum, svo og ný mörk er líkjast of mjög hvert öðru og enn fremur mörk, sem ekki má upptaka samkvæmt ákvæðum reglugerðar. Þau mörk, sem niður eru felld af umsjónarmanni, má ekki prenta í markaskrá sýslunnar. Nú hefur verið felld niður mark, og skal þá umsjónarmaður tilkynna það marktakanda bréflega, og jafnframt benda honum á mark, er hann geti fengið, sem líkast því, er hann hafði kosið. Hafi hann eigi svarað bréfi umsjónarmanns fyrir febrúarlok, má líta svo á, að hann taki upp markið, og skal það prentað í markaskránni.

Ef einhver vill taka upp mark milli þess sem markaskrá er prentuð, skal hann leita samþykkis umsjónarmanns. Að því fengnu, skal hann tilkynna markið öllum hreppsnefndum sýslunnar.

12. gr.

Ef menn nota mörk, sem eigi eru prentuð í markaskrá sýslunnar, t. d. þeir, sem flutzt hafa úr öðrum sýslum, skulu þeir lýsa mörkum sínum fyrir hreppsnefndaroddvita þess hrepps, þar sem þeir eru búsettir. Mörk þessi skal hreppsnefnd skrifa upp og senda áður en 10 vikur eru af sumri til hreppsnefnda í nálægum hreppum innan sýslu og utan, þar sem helzt eru fjársamgöngur. Þeir, sem vanrækja þetta, eða hirða eigi um að láta prenta mörk sín í markaskrá sýslunnar, mega búast við, að farið sé með fé þeirra sem óskilafé, og sæti þeir að auki sektum.

13. gr.

Enginn má marka kind í lögréttum nema réttarstjóri samþykki.

III. KAFLI

Um fjársmalanir á vorum.

14. gr.

Allir þeir, sem jörð hafa til ábúðar eða afnota, eru skyldir að smala heimalönd sín og fjalllönd á vorum. Skal fjáreigendum skylt að taka þátt í vorsmalamenskum eftir sömu reglum, sem gilda um haustmalamenskur.

Enginn má í heimildarleysi reka eða sleppa sauðfénaði eða hrossum í annarra lönd, sem hann á ekkert tilkall til. Reka skal þannig fénað yfir lönd manna, að ekki hljótist skaði eða ógreiði af.

15. gr.

Hreppsnefndum (fjallskilanevnd) skal heimilt að skipa fyrir um smölun sauðfjár til rúnings á vorum í heimalöndum og fjallöndum.

16. gr.

Nú finnst fé, er sloppið hefur úr landi eiganda eða kemur fyrir fjarri eigendum þegar rúningstími yfirstendur eða er afstaðinn, hvort heldur eru geldar kindur eða lambær, er þá finnandi, ef honum er unnt, skyldur að hirða og rýja kindur þessar, og einnig að marka ómörkuð lömb, ef hann álitur að ekki geti ruglingi valdið. Skal hann gera eiganda aðvart um ullina og greina frá marki, og öðrum einkennum á hverri kind, sem hann hefur rúið eða markað. Í ómakslaun ber finnanda kr. 5.00 fyrir að rýja kind og kr. 5.00 fyrir að marka lamb.

IV. KAFLI

Um sauðfjárrekstur á fjall.

17. gr.

Allir fjáreigendur skulu skyldir að reka á fjall að vorinu allt sauðfé sitt, nema kvíær, á eigið land, ef til er, annars þar sem upprekstrarland er aflögu.

18. gr.

Hreppsnefnd kveður á um, hverjar jarðir í hreppnum hafa upprekstrarland aflögu og hvað mörgu fé það nægir. Hreppsþúar ganga fyrir utansveitarmönnum um afnot upprekstrarlands í hreppi sínum.

19. gr.

Enginn má kefla lamb.

20. gr.

Í upprekstartoll greiðist kr. 5.00 fyrir hverja roska kind. Skal tollurinn greiddur hlutaðeigandi ábúanda eða landeiganda fyrir lok októbermánaðar.

V. KAFLI

Um fjallskilaskyldu.

21. gr.

Hver sá, er býr á jörð eða jarðarhluta, sem metin er til dýrleika, svo og hver heimilisfaðir, skal skyldur til að gera fjallskil fyrir allt það fé, er hann sjálfur og

126 heimafólk hans áttu á fóðrum á heimili hans eða annars staðar undangenginn vetur eða hefur keypt um vorið, enda hafi því verið sleppt í hans fjallskilasvæði að vori. Auk þess skal mönnum skylt að gera fjallskil fyrir allt það fé, er þeir hafa tekið til hagagöngu á því ári frá mönnum úr öðrum fjallskilasvæðum.

Þeir, sem ekki eiga svo margt fé, að fjallskil fyrir það nemi einu dagsverki, greiði tilsvarendi fjárhæð og skal fjallskilanevnd og hreppsnevnd verja gjöldum þeirra til að kaupa menn til fjallskila fyrir þá í sameiningu, eftir fjártölu. Fjallskilagjöld má taka lögtaki. Gjaldþagi er viku fyrir fyrstu leitir.

Hin sama fjallskilaskylda hvílir einnig á þeim eigendum jarða og jarðahluta innan fjallskilasvæðisins, þó þeir séu búsettir utan hreppsins og jarðirnar ekki í ábúð. Þessi fjallskilaskylda hvílir einnig á þeim, sem hafa lönd að erfðafestu, þó búsettir séu utan fjallskilasvæðisins.

22. gr.

Fjallskilaskyldan er í því fólgin, að senda menn í göngur, sækja fé í réttir, utan hrepps sem innan, eða greiða fjallskilagjald, allt eftir því, sem fjallskilanevnd og hreppsnevndir skipa fyrir um í fjallskilaseðli hverju sinni.

23. gr.

Niðurjöfnun þessari skulu hreppsnevndir og fjallskilanevnd hafa lokið hálfum mánuði fyrir fyrstu leitir, og skal við niðurjöfnun fara eftir skýrslu forðagæzlu-manna hvað fjártölu snertir, sbr. þó 21. gr.

Þykist einhver verða hart úti í ráðstöfun hreppsnefndar eða fjallskilanefndar, getur hann borið sig upp fyrir henni, og fært ástæður fyrir málstað sínum, ekki síðar en fjórum dögum fyrir fyrsta leitardag, og skal þá hreppsnevnd (fjallskilanevnd) skylt að taka umkvartanir hans til athugunar og leggja úrskurð á málið, og skal skylt að hlíta honum, þótt málinu sé áfrýjað til sýslunefndar.

24. gr.

Enginn er undanþeginn almennri fjallskilaskyldu, þótt hann hafi sleppt fé sínu í heimalönd en ekki í afrétt.

25. gr.

Ef einhver hefur ekki sjálfur nægilegan mannafla til fjallskila, samkvæmt fyrir-mælum hreppsnefndar (fjallskilanefndar), skal honum skylt að gera henni aðvart um það með viku fyrirvara, og skal henni skylt, ef mögulegt er, að útvega menn á hans kostnað til að inna fjallskilin af hendi.

26. gr.

Láti einhver farast fyrir að senda mann í göngur eða gera þau fjallskil, sem hann er kvaddur til í gangnaboði, skal hann auk borgunar fyrir fjallskilin greiða auka-gjald, er nemi $\frac{1}{4}$ af matsverði þeirra.

Ef einhver sendir mann í göngur, sem gangnaforingi og hreppsnevnd (fjallskilanevnd) telur óhæfan sökum ágalla eða ills útbúnaðar, má vísa honum heim aftur, og er þá fjáreiganda (heimilisföður) skylt að borga gangnaskilin, eins og hann hefði engan sent.

Sannist það, að gangnamaður eða einhver annar, sem fjallskil á að inna af hendi, vanræki skyldustörf sín, getur hreppsnevnd (fjallskilanevnd) krafizt uppbótar frá honum eða þeim er hann sendi, eftir því sem hæfa þykir. Vilji hann eigi hlíta úrskurði nefndarinnar, getur hann skotið máli sínu til sýslunefndar.

Gjaldi fyrir gangnasvik eða vanrækslu á fjallskilum má verja til að kaupa menn til fjallskilanna, ella renni það í fjallskilasjóð eða sveitarsjóð þess hrepps eða þeirra hreppa, sem hlut eiga að máli.

27. gr.

Nú alheimtir einhver fjáreigandi fé sitt í fyrstu leit, og skal hann þrátt fyrir það gera fjallskil alla hina ákveðnu fjallskiladaga, eftir því sem hreppsnefnd (fjallskilanevnd) hefur fyrirskipað. 12. sept.

28. gr.

Hreppsnefndir (fjallskilanevndir) skulu í fjallskilaseðlinum, taka skýrt og greinilega fram, hvernig leitum skuli hagað, skal, þar sem því verður við komið, leit byrjuð á öðrum eða báðum endum leitarsvæðisins.

29. gr.

Hlutaðeigandi hreppsnefnd (fjallskilanevnd) skal í fjallskilaseðlinum kveðja svo marga menn, sem henni þykir nauðsynlegt, til að vera leitarforingja. Skulu þeir stýra göngum leitarmanna bæði í heimalöndum og afréttum á leitarsvæði því, sem þeim er falið, og skipa þeir svo fyrir að allt annað fé en kvíaær komi einu sinni til réttar (sbr. þó 31. gr.).

Þeir tilkynna hreppsnefnd ef einhver vanrækir að gera fyrirskipuð fjallskil eða óhlýðnast fyrirskipunum þeirra, eða hefur sent óliðgengan mann í leitirnar. Þeir skulu annast um að allt fari vel og skipulega, er að fjallgöngum lýtur, sér í lagi hvað meðferð á fjallfé snertir. Óhlýðni við leitarforingja varðar sektum. Sektum varðar og ef leitarforingi vanrækir stöðu sína eða misbeitir henni.

VI. KAFLI

Um fjallskil á haustum og réttarhöld.

30. gr.

Þrennar skulu vera fjallaleitir á hausti í öllum hreppum sýslufélagsins. Fyrsti leitar dagur skal vera mánudagur í 22. viku sumars og skal samdægurs rétta í öllum skilaréttum nema í Austmannsdalsrétt í Ketildalahreppi, þar skal réttað á þriðjudag í fyrstu og annari leit.

Skilaréttir skulu vera á þeim stöðum er hér segir:

Í Barðastrandarhreppi að Haga.

Í Rauðasandshreppi á Rauðasandi.

Í Patrekshreppi að Geirseyri.

Í Tálknafjarðarhreppi að Norður-Botni.

Í Ketildalahreppi að Austmannsdal.

Í Suðurfjarðahreppi að Dufansdal.

Annar leitar dagur skal vera mánudagur næsti á eftir fyrsta leitardegi og skal rétta samdægurs í öllum skilaréttum.

Þriðji og síðasti leitar dagur skal vera miðvikudagur í 25. viku sumars og skal þá rétta samdægurs í öllum skilaréttum.

31. gr.

Aukaréttir skulu vera í hverjum hreppi svo sem hér segir:

Í Barðastrandarhreppi: Að Fossá, Brjánslæk og Haukabergi.

Í Rauðasandshreppi: Að Breiðuvík og Vesturbotni.

Í Tálknafjarðarhreppi: Að Kvígindisfelli og í Smælingjadal.

Í Ketildalahreppi: Að Húsum í Selárdal.

Í Suðurfjarðahreppi: Á Litlu-Eyri, í Trostansfirði og Langa-Botni.

Í öllum leitum skal rétta á gangnadaginn í öllum aukaréttum, nema í Brjánslækjarrétt skal rétta á miðvikudag í fyrstu leit, á þriðjudag í annarri leit og á

126 fimmtudag í þriðju leit, og í Haukabergsrétt á þriðjudag í fyrstu leit, allt miðað 12. sept. við sömu viku og göngur fara fram í.

Eftir tillögum meiri hluta fjáreiganda í hreppnum og með samþykki sýslu- nefndar, má hreppsnefnd gera breytingar á réttarstöðum og réttarsóknum. Enn fremur hefur hreppsnefnd heimild til að leyfa einstökum bæjum úrdrátt á fé sínu. Setur hreppsnefnd reglur fyrir úrdrættinum, er komi ekki í bága við reglugerð þessa.

32. gr.

Nú þarf að endurbyggja rétt eða byggja rétt að nýju, skal þá hreppsnefnd (fjallskilanefnd) sjá um framkvæmd verksins. Kostnaður slíkrar réttarbyggingar greiðist úr sveitarsjóði, nema önnur félög eða félagasamtök komi til, að einhverju eða öllu leyti. Byggingarkostnaðurinn endurgreiðist svo sveitarsjóði, eða öðrum þeim aðilum, er bygginguna kostuðu, af öllum fjallskilaskyldum í réttarsókninni, svo og þeim utan fjallskilasvæðisins, er dilkrúm eiga við réttina og sé endurgreiðslan að hálfu miðuð við matsverð jarðar, en að hálfu við fjárfjölda hjá þeim, sem eru innan réttarsóknarinnar. Sveitarfélög utan fjallskilasvæðis, sem dilkrúm eiga við rétt, kosta sjálf að öllu leyti uppbyggingu og viðhalds dilks, en ekki kosta þau að öðru leyti uppbygging eða viðhald réttarinnar.

Á þeim bæjum, sem sundurdráttur er leyfður, sbr. 31. gr., skuli þeir bændur, sem mega draga fé sitt, viðhalda á sjálfs sin kostnað, nægilega stórri rétt til að taka allt fé, sem þangað verður að reka, svo og dilkum eftir þörfum fyrir fé sitt og það fé, sem dregið verður úr til rekstrar að skilarétt. Skylda þessi hvílir á bændum auk þeirrar skyldu, sem um ræðir í fyrstu málsgrein þessarar greinar.

33. gr.

Við hverja rétt skulu allir í réttarsókninni hafa nægilegt dilkrúm, hver fyrir sig eða fleiri í sameiningu. Enn fremur skulu vera þar sérstakir dilkar, einn eða fleiri, fyrir fé úr öðrum fjallskilasvæðum og öðrum réttarsvæðum innan fjallskilasvæðisins, er hlutaðeigandi fjallskilasvæði og réttarsóknir viðhalda á sinn kostnað, nema svo sé um samið, að réttarsóknin kosti byggingu þeirra og viðhald, móti því, að njóta sömu hlunninda af viðkomendum.

34. gr.

Valdi bygging lögrétta grasnámi eða jarðraski, skal, ef þess verður krafizt, koma fullt endurgjald af sveitarsjóði hlutaðeigandi hrepps, eftir mati óvilhallra manna, sem sýslumaður nefnir til.

35. gr.

Hreppsnefndir (fjallskilanefnd) skulu sjá um, að réttir séu vandlega byggðar og vel við haldið, einnig að dilkar við þær séu í gildu standi kvöldið áður en réttað er. Vanræki einhver að vinna að réttar- eða dilksbyggingu, má hreppsnefnd (fjallskilanefnd) útvega mann til þess á hans kostnað.

36. gr.

Hreppsnefndir (fjallskilanefnd) skulu skipa duglega réttarstjóra, einn eða fleiri, við hverja rétt, svo og menn til eftirlits þar, sem sundurdráttur er leyfður.

Réttarstjóri skal vera kominn til réttar í tæka tíð hvern réttardag. Skipar hann fyrir, hvernig fjádrætti skal haga, og heldur mönnum til starfa. Hann bannar stranglega allt slark og óreglu, er valdið geti hindrun við réttarstörf. Sýni nokkur í réttinni óhlýðni gegn skipunum hans, varðar það sektum. Sektum varðar og ef réttarstjóri vanrækir stöðu sína eða misbeitir henni. Enginn er skyldur til að vera réttarstjóri nema eitt ár í senn.

37. gr.

126

Enginn má hleypta út úr dilki fyrr en réttarstjóri leyfir, og búið er að kanna fé í dilknum. Að þeim starfa eru allir skyldir að vinna, þeir sem réttarstjóri til þess nefnir. 12. sept.

38. gr.

Hreppsnefnd (fjallskilaneftnd) skal sjá um það, að allt markað óskilafé og utan-sveitarfé, sem ekki er sótt á lögrétt, verði rekið á skilarétt.

Nú hefur hreppsnefnd (fjallskilaneftnd) eigi sett sérstaka menn til að annast rekstur fjár milli rétta innan fjallskilasvæðisins, skal þá réttarstjóri annast um, að það verði rekið bæ frá bæ til eigenda, þeim að kostnaðarlausu, eftir sömu reglum sem gilda um fjárrekstra eftir leitir.

Á sama hátt skal þá hagað rekstri fjár til skilaréttar.

VII. KAFLI

Um fjárhirðing í útréttum.

39. gr.

Hreppsnefnd (fjallskilaneftnd) skal skipa hæfa menn, einn eða fleiri, eftir þörfum, til að fara í réttir annarra sveita, þar sem helzt eru fjársamgöngur, til að hirða þar sauðfé hreppsbúa sinna. Hafi sá, sem gert er að skyldu að leggja til téðan starfa, engan hæfan mann til að inna hann af hendi, hefur hreppsnefnd (fjallskilaneftnd) vald til að kveðja til þess hvern þann, sem hún telur hæfastan í hreppnum, annað hvort í mannaskiptum eða gegn fullu endurgjaldi frá þeim, er skilin áttu að gera.

40. gr.

Sá maður, sem sendur er til að hirða fé í réttum annarra sveita, má eigi fara þaðan áður en búið er að skoða úrtýning vandlega eftir markaskrá og selja, þar sem sala fer fram. Sannist það, að hann láti verða þar eftir fé sveitunga sinna, sem er með glöggu, skrásettu marki, eða týni því, varðar það sektum eða skaðabótum, nema málsbætur séu.

Skylt er sendimanni að reka féð heim í hreppinn, og skal það síðan ganga rétta leið í bæjarrekstrum, nema gerðar séu aðrar ráðstafanir. Sé einhver skepna svo fötluð, að ekki verði rekin með öðru fé, skal hann koma henni í gæzlu og gera eiganda aðvart, er þá ber að vitja hennar á sinn kostnað.

VIII. KAFLI

Um heimasmölun eftir haustgöngur.

41. gr.

Hver fjáreigandi, svo og sá, er land hefur til eignar- eða umráða, er skyldur að smala heimaland á haustum eftir göngur, allt til veturnótt, svo oft sem hreppsnefnd (fjallskilaneftnd) fyrirskipar. Vanræki einhver þessa skyldu, skal hreppsnefnd (fjallaskilaneftnd) sjá um að löndin séu smöluð á kostnað viðkomanda, eftir mati hreppsnefndar. Rekstrar skulu þá ganga eftir töfludrætti bæ frá bæ.

IX. KAFLI

Um fjárrekstra bæja milli.

42. gr.

Skyldur er hver búandi eða landráðandi að hirða fé það, er finnst í heimalandi hans, eftir að fjallgöngum er lokið, og reka til næsta bæjar þá leið, sem það á að

126 ganga. Hreppsnefnd skal ákveða rekstrarleiðir innan hreppa. Ef fé er rekið afleiðis
12. sept. í bæjarrekstrum eða sleppt úr fjárrekstri, sem á að ganga bæ frá bæ, varðar það sektum og skaðabótum nema málsbætur séu.

43. gr.

Ef enginn rekstrarfær maður er heima, þegar rekstur kemur á bæ, skal rekstrarmaður skilja úr fé það, er eftir á að vera, og reka svo reksturinn áfram til næsta rekstrarfærs manns, en skylt er þeim, er við rekstri skyldi taka, að greiða rekstrarmanni þóknun eftir álitu hreppsnefndar.

X. KAFLI

Um eftirlit einstakra manna og fé í ógöngum.

44. gr.

Nú fer einhver í eftirleit ótilkvaddur af sveitarstjórn (fjallskilanevnd), að liðinni síðustu leit, og finnur fé á fjalli eða afrétt, skal hann þá fá fundarlaun $\frac{1}{10}$ — $\frac{1}{4}$ af verði kindarinnar eða kindanna, ef fleiri eru. Fundarlaun greiðast úr sveitarsjóði (fjallskilasjóði), þar sem féð finnst, gegn endurgreiðslu frá eigendum. Fyrir fé, sem fyrir kemur í smalamennsku eða kemur í fé manna, á hvaða tíma sem er, skal engra fundarlauna vera hægt að krefjast. Um mat á fundarlaunum fer sem um getur í 45. gr.

45. gr.

Verði einhver þess var, að fé sé komið í sveltis eða aðrar ófærur, skal hann tafarlaust gera hreppsnefnd aðvart, svo framarlega sem hann getur ekki aðvarað umráðamenn lands eða eigenda kinda. Skal þá umráðamaður lands eða hreppsnefnd, svo fljótt sem við verður komið, gera ráðstafanir til að bjarga kindunum. Reynist björgun illframkvæmanleg, skal skjóta kindurnar á staðnum.

Nú hrekkur hált andvirði hins bjargaða ekki fyrir björgunarkostnaði, skal þá það, er til vantar, greiðast úr hlutaðeigandi sveitarsjóði.

Reynist svo, að kindur séu úr öðru sveitarfélagi en sveltis er, skal björgunarkostnaðurinn greiðast að jöfnu af hvoru sveitarfélaginu fyrir sig.

Hreppsnefndum skal skylt að sjá um, að umráðamenn lands girði sveltis af fjárheldri girðingu, eða gera veg að sveltinu, þar sem það telst framkvæmanlegt, og greiðist girðingarefni að jöfnu af umsjónarmanni lands og viðkomandi sveitarsjóðum.

Ef samkomulag næst eigi um björgunarlaun, skulu þau fara eftir mati hreppstjóra og eins manns, er hreppsnefnd tilnefnir. Geti þeir ekki komið sér saman um björgunarlaunin, skal oddviti sýslunefndar tilnefna einn mann í gerðina og ræður hans atkvæði, nema hinir verði þá sammála. Sömu ákvæði gilda um björgunarlaun, þó björgunartilraun verði árangurslaus.

XI. KAFLI

Um meðferð óskilafjár.

46. gr.

Réttarstjórar skulu annast um að allir ómerkingar séu dregnir í einn dilk, jafnóðum og þeir finnast, og skal leitast við, áður en réttarhaldinu er lokið, að láta lambsmæður helga sér dilka sína. Ómerkingar, markkalið og mýetið fé, sem enginn getur helgað sér, sé selt af hreppstjóra eða umboðsmanni hans við uppboð á réttinni, nema honum virðist réttara að fresta sölunni. Andvirði þess rennur í sveitarsjóð. Enginn má marka ómerking marku sínu um eða eftir leitir, nema hann leiði valinkunna menn sem votta að því, að hann eða þeir séu hans eign.

47. gr.

126

12. sept.

Óskilafé úr fyrstu leit skal vandlega geymt til 2. leitar hjá þeim bónda, sem hreppsnefnd (fjallskilanevnd) ákveður, gegn 100 aura borgun fyrir hverja sauðkind um sólarhringinn. Eigendum fjárins er skylt að greiða geymslugjaldið við afhendingu þess. Sannist það, að fjárgeymslumaðurinn hafi ótilhlýðilega meðferð á fénu, hefur hann fyrirgert tilkalli til geymslulaunanna og bakað sér sektir samkv. ákvæðum reglugerðar þessarar.

Oddviti tilkynni oddvitum annarra hreppa sýslunnar mörk og einkenni óskilafjár, sem fyrir hefur komið í 1. leit í hreppi hans.

48. gr.

Í 2. leit skal allt óskilafé úr 1. leit og frá skilarétt í 2. leit, selt á skilarétt hreppsins af hreppstjóra eða umboðsmanni hans.

Óskilafé af útréttum í 2. leit og það óskilafé, sem síðar kemur fram, skal selt að tveim vikum liðnum, á þeim stað, er hreppstjóri ákveður í auglýsingu.

49. gr.

Nú koma utanhreppskindur fyrir í einhverjum hreppi, að afstöðnum öllum göngum, og þekjja menn eigendur að þeim, skulu þær þá á kostnað eigenda geymdar í vörzlum hreppsnefndar (fjallskilanevndar), sem annast um, að eigendum verði við fyrsta tækifæri gert viðvart um það. Hafi eigendur eigi leitt sig að kindum þessum innan þriggja vikna, má selja þær við opinbert uppboð, sem áður sé auglýst almenningi í hreppnum.

Hafi utansveitarkindur orðið innlyksa fyrir trassaskap þess, sem kindurnar hafa verið hjá, skal hann tafarlaust tilkynna eiganda kindanna og annast þær, eigendum að kostnaðarlausu, unz þeir vitja kindanna, ef þeir þá ekki sýna ótilhlýðilegan drátt þar á.

50. gr.

Sé manni dregin kind með hans marki, sem ekki er hans eign, er honum óheimilt að halda henni hjá sér, í því skyni, að auglýsa markið sjálfur og semja við eiganda. Ber honum að koma kindinni til hreppstjóra eða umboðsmanns hans, svo að farið verði með hana sem annað óskilafé.

51. gr.

Nú koma kindur fyrir að afstöðnum síðustu göngum, sem finnandi þekkir ekki eigendur að. Skal hann þá tilkynna það hreppsnefnd (fjallskilanevnd), sem annast um, að þær verði seldar við opinbert uppboð, sem sé birt á löglegan hátt í hreppnum og nágrannasveitum.

52. gr.

Við sölu óskilafjár er enginn innlausnarfrestur eða gjaldfrestur. Þó skulu hrútar, sem eftir álitu hreppstjóra eða umboðsmanns hans og söluvotta eru hæfir til kynbóta, svo og augljósar forystukindur, seldar með fjögurra vikna innlausnargjaldi eftir sölundag, og jafn löngum gjaldfresti, og eru slíkar kindur ekki í ábyrgð kaupanda fyrr en að innlausnarfresti liðnum.

53. gr.

Fyrir nóvembermánaðarlok skal hver hreppsnefnd senda oddvita sýslunefndar skýrslu um allt vafafé, er selt hefur verið í hreppi hans. Oddviti sýslunefndar skal svo sjá um, að skýrsla um vafafé sé birt í Lögbirtingablaðinu. Hreppstjóri greiðir auglýsingargjald eftir reikningi.

126

12. sept.

Fram til 1. október næsta ár eftir, geta menn sannað eignarrétt sinn að andvirða vafafjár, að frádrægnum kostnaði. Sanni enginn eignarrétt sinn, rennur andvirðið í hlutaðeigandi sveitarsjóð.

54. gr.

XII. KAFLI

Ýmis ákvæði.

55. gr.

Enginn má láta óskeytta hrúta ganga úti á tímabilinu frá 1. nóvember til 30. apríl. Ef vanræksla veldur því að skaði verði að, sé eigandi hrútsins skyldur að svara fullum skaðabótum, ef krafizt er. Náist ekki samkomulag um skaðabæturnar, skulu þær ákveðnar samkvæmt ákvæðum seinustu málsgreinar 46. greinar.

56. gr.

Nú er einhver bóndi eða búendur, sem telja sér brýna þörf á að ná í fé sitt eða nokkuð af því til slátrunar fyrir fyrstu leitir, skal það því að eins heimilast að viðkomendur hafi gert hlutaðeigandi hreppsnefnd (fjallskilaneftnd) aðvart um það áður og hún sett mann eða menn til eftirlits við smölun og sundurdrátt.

Engum skal heimilt að fara í annarra land til slíkra smalana nema leyfi viðkomandi landeiganda og hreppsnefndar (fjallskilaneftndar) komi til.

57. gr.

Það er stranglega bannað að svelta fénað frekar en minnst verður hjá komizt, hundbeita hann að óþörfu eða misþyrma honum á nokkurn hátt við fjárréttir, í rekstrum og gæzlu, fjallgöngum eða heimalandssmölun. Brot gegn þessu varðar skaðabótum og hegningu að lögum.

58. gr.

Sýslunefnd sker úr öllum ágreiningi milli hreppsnefnda (fjallskilaneftnda) út af fjallskilamálum. Sömuleiðis heyra undir úrskurð hennar allar kærur og kröfur á hendur hreppsnefndum og hreppstjórum snertandi fjallskilamál. Enn fremur geta einstakir menn komið sér saman um, að leggja slík ágreiningsmál undir úrskurð sýslunefndar.

59. gr.

Öll brot gegn reglugerð þessari skulu kærð fyrir hlutaðeigandi sýslumanni og varða þau 50.00 til 500.00 króna sektum, eftir stærð og eðli brotanna, nema því aðeins, að þyngri hegning liggi við lögum samkvæmt. Sektirnar renni í sjóð þess hrepps, þar sem brotið er framið. Verði ágreiningur um í hvaða hreppi brotið er framið, skal sektin falla til þess eða þeirra hreppa, þar sem hinir seku eiga heimili. Með mál út af brotunum skal farið að hætti opinberra mála.

60. gr.

Með reglugerð þessari er numin úr gildi fjallskilareglugerð fyrir Vestur-Barðastrandarsýslu nr. 148 23. júní 1943, ásamt síðari breytingum, nr. 10 20. jan. 1950 og nr. 24 9. febr. 1951.

Reglugerð þessi, sem sýslunefnd Vestur-Barðastrandarsýslu hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt 41. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 12 31. maí 1927, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 12. september 1958.

Hermann Jónasson.

Þorv. K. Þorsteinsson.